

Reglugerð þessi er hér með sett samkvæmt lögum um leigubifreiðar í kaup- **31**
stöðum og kauptúnum, nr. 40 29. maí 1957, til að öðlast þegar gildi og birtist til 22. febr.
eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

Samgöngumálaráðuneytið, 22. febrúar 1961.

Ingólfur Jónsson.

Brynj. Ingólfsson.

AUGLÝSING

32

24. febr.

um gjald fyrir söluturna í Reykjavík.

Samkvæmt heimild í 1. gr. samþykktar nr. 90 28. maí 1957, um breyting á samþykkt nr. 104 24. ágúst 1944, um lokunartíma sölubúða o. fl., hefur bæjarstjórn Reykjavíkur ákveðið að gjald fyrir hvert leyfi, sem veitt kann að verða, samkvæmt a- og b-liðum greinarinnar skuli vera kr. 12000.00 árið 1961 og greiðist ársfjórðungslega fyrirfram.

Ofanrituð gjaldskrá staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 17 1. febr. 1936, um lokunartíma sölubúða og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 24. febrúar 1961.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Gunnlaugur Þórðarson.

Staðfesting forsetans á breytingu á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð hjónanna **33**
Þorsteins Hjartar Árnasonar, hreppstjóra, og Matthildar Guðmundsdóttur, ljósmóður, 27. febr.
sem bjuggu á Dyrhólum 1872 til 1905, frá 14. apríl 1944, útgefin á venjulegan hátt
að mandatum af dómismálaráðherra 27. febr. 1961.

Breytingin er þannig:

BREYTING Á SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð hjónanna Þorsteins Hjartar Árnasonar, hreppstjóra, og
Matthildar Guðmundsdóttur, ljósmóður, sem bjuggu á Dyrhólum 1872
til 1905, frá 14. apríl 1944.

1. gr.

3. gr. skipulagsskrárinnar orðist svo: Jörðin er eins og segir í 2. gr. afhent Dyrhólahreppi til ævarandi eignar. Ekki er hreppsnefnd Dyrhólahrepps né nokkrum öðrum heimilt að veðsetja jörðina nema fyrir framkvæmdum á jörðinni sjálfri, svo sem jarðrækt, húsum eða öðru, sem styður að því, að jörðin haldist í ábúð.

2. gr.

Við 5. gr. skipulagsskrárinnar bætist: Heimilt er, að rentur gangi upp í greiðslu á beinum útlögðum kostnaði, er hreppurinn kann að hafa af jörðinni.